

Hæstaréttardómar.

Útgefandi: Hæstiréttur.

LXXVIII. árgangur.

3. hefti.

1998

Nr. 377/1997. Fimmtudaginn 14. maí 1998.
Íslandsbanki hf.

(Jón G. Briem hrl.)

gegn

Þrotabúi Íslensks bergvatns hf.

(Kristinn Bjarnason hdl.)

Gjaldþrotaskipti. Skuldajöfnuður.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Markús Sigurbjörnsson, Arnljótur Björnsson og Gunnlaugur Claessen.

Áfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar að fengnu áfrýjunarleyfi með stefnu 16. september 1997. Hann krefst sýknu af kröfum stefnda auk málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst þess, að héraðsdómur verði staðfestur og áfrýjanda gert að greiða sér málskostnað fyrir Hæstarétti.

Í málinu krefur stefndi áfrýjanda um greiðslu innstæðu tveggja innlánsreikninga, sem Íslenskt bergvatn hf. átti hjá áfrýjanda, en bú félagsins var tekið til gjaldþrotaskipta 28. janúar 1994. Innstæðan var að fjárhæð samtals 288.288 krónur, þegar áfrýjandi lokaði reikningunum 5. maí 1994 og lýsti yfir skuldajöfnuði við kröfur sínar á hendur þrotabúinu.

Áfrýjandi naut hvorki veðréttar í innstæðu umræddra reikninga né annars konar heimildar samkvæmt samningi til að ráða yfir henni. Stoð verður ekki heldur fundin í þágildandi lögum nr. 43/1993 um viðskiptabanka og sparisjóði, sbr. nú lög nr. 113/1996 um sama efni, eða öðrum lögum fyrir slíku forræði áfrýjanda á innstæðunni í skiptum hans við Íslenskt bergvatn hf., áður en bú félagsins var tekið til gjaldþrotaskipta. Ákvæði 1. mgr. 100. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o. fl. verða ekki skýrð svo, að áfrýjandi njóti

rýmri réttar að þessu leyti gagnvart þrotabúi reikningseiganda en hann naut fyrir upphaf gjaldþrotaskipta, sbr. einkum dóm Hæstaréttar í dómasafni 1992, bls. 1197. Hafði áfrýjandi því enga lögmæta heimild til að taka innstæðuna til sín með fyrrgreindum hætti, og ber honum að standa stefnda skil á henni.

Samkvæmt framangreindu verður niðurstaða hins áfrýjaða dóms staðfest. Áfrýjandi verður dæmdur til að greiða stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, svo sem í dómsorði greinir.

D ó m s o r ð:

Héraðsdómur skal vera óraskaður.

Áfrýjandi, Íslandsbanki hf., greiði stefnda, þrotabúi Íslensks bergvatns hf., 150.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 15. maí 1997.

Ár 1997, fimmtudag 15. maí, er á dómþingi Héraðsdóms Reykjavíkur, sem háð er í Dómhúsinu við Lækjartorg af Hirti O. Aðalsteinssyni héraðsdómara, kveðinn upp dómur í máli nr. E-2961/1996: þrotabúi Íslensks bergvatns hf. gegn Íslandsbanka hf.

Mál þetta, sem tekið var til dóms 25. apríl sl., er höfðað með stefnu, út gefinni 21. maí 1996 og birtri daginn eftir.

Stefnandi er þrotabúi Íslensks bergvatns hf., kt. 490390-1119, Suðurlandsbraut 4 A, Reykjavík.

Stefndi er Íslandsbanki hf., kt. 421289-5069, Kirkjusandi, Reykjavík.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndi verði dæmdur til að greiða sér 288.288 krónur með dráttarvöxtum samkvæmt auglýsingu Seðlabanka Íslands frá 11. júní 1994 til greiðsludags. Þá er þess krafist, að dráttarvextir leggist við höfuðstól á tólf mánaða fresti, fyrst 11. júní 1995.

Stefndi gerði upphaflega þá kröfu, að máli þessu yrði vísað frá dómi, og með úrskurði, upp kveðnum 17. desember sl., var fallist á frávisunarkröfu stefnda. Stefnandi skaut málinu til Hæstaréttar Íslands með kæru 20. desember sl., og með dómi réttarins 15. janúar sl. var hinn kerði úrskurður felldur úr gildi og lagt fyrir héraðsdómara að taka málið til efnismeðferðar.

Í efnisþætti málsins krefst stefndi sýknu af öllum kröfum stefnanda og málskostnaðar að skaðlausu auk virðisaukaskatts.

Málavextir eru þeir, að bú Íslensks bergvatns hf. var tekið til gjaldþrotaskipta með úrskurði Héraðsdóms Reykjavíkur 28. janúar 1994, og var Brynjar Níelsson hdl. skipaður skiptastjóri. Frestdagur við skiptin er 8. desember 1993, og kröfulýsingarfrestur rann út 4. maí 1994. Við uppkvaðn-

ingu gjaldþrotaúrskurðar átti þrotabúið innstæður á þremur innlánsreikningum hjá stefnda, sparisjóðsbók nr. 140091 með 144.920,96 kr. innstæðu 5. maí 1994, gjaldeyrisreikningi nr. 180199 með 246.289 kr. innstæðu og gjaldeyrisreikningi nr. 301109 með 41.999 kr. innstæðu. Hinn 28. apríl 1994 lýsti stefndi kröfu í búið, að fjárhæð 27.822.982,70 kr., og með bréfi, dagsettu 5. maí 1994, lýsti stefndi yfir skuldajöfnuði á fyrrgreindum innstæðum þrotabúsins og hinni lýstu kröfu. Með bréfi skiptastjóra, dagsettu 11. maí 1994, andmælti hann skuldajöfnuði vegna gjaldeyrisreikninganna og krafðist þess, að innstæður á þeim yrðu greiddar búinu, en féllst að svo stöddu á, að innstæða á sparisjóðsreikningi nr. 140091 yrði dregin frá skuldum. Stefndi ítrekaði skuldajafnaðaryfirlýsingu sína með bréfi, dagsettu 28. júlí 1994.

Málsástæður og lagarök.

Stefnandi styður kröfur sínar því, að stefndi hafi ekki haft heimild til að ráðstafa innstæðum á gjaldeyrisreikningunum til lækkunar á skuldum hins gjaldþrota félags við bankann. Skilyrði skuldajafnaðar samkvæmt 100. gr. laga nr. 21/1991 komi ekki til greina, þar sem ekki verði litið svo á, að stefndi standi í skuld við hið gjaldþrota félag, enda sé innstæða á gjaldeyrisreikningum sérgreind eign reikningshafa, sem bankinn hafi enga heimild til að ráðstafa án samþykkis eða heimildar reikningshafa, og breyti gjaldþrot reikningshafa engu þar um. Í öðru lagi heldur stefnandi því fram, að skuldajafnaðaryfirlýsing stefnda hafi komið of seint fram, enda hafi ekki í kröfulýsingu á hendur búinu verið lýst yfir skuldajöfnuði og yfirlýsing um skuldajöfnuð komið fram, eftir að kröfulýsingarfresti lauk. Hafi stefndi með þessu fyrirgert hugsanlegum skuldajafnaðarrétti.

Stefnandi vísar til 72. gr., 73. gr. og 100. gr. laga nr. 21/1991 og jafnframt til almennra reglna kröfuréttar um stofnun skulda og skilyrði til skuldajafnaðar. Þá vísar hann til laga nr. 43/1993, sérstaklega V. kafla. Um dráttarvexti er vísað til 3. mgr. 9. gr. og 12. gr. laga nr. 25/1987 og um málskostnað til 129. gr. og 130. gr. laga nr. 91/1991 og laga nr. 50/1988.

Stefndi reisir sýknukröfu sína á því, að honum hafi verið heimill skuldajöfnuður samkvæmt 100. gr. gjaldþrotaskiptalaga. Yfirlýsing um skuldajöfnuðinn hafi sannanlega verið send stefnanda 5. maí 1994, og sama dag var innstæðum gjaldeyrisreikninganna ráðstafað upp í kröfu stefnda. Samkvæmt almennum reglum kröfuréttar fær skuldajöfnuður, sem gerður er með einhliða yfirlýsingu, lögverkanir, um leið og yfirlýsingin kemur til viðtakanda, og er gildi hennar ekki háð samþykki hans. Breyta andmæli stefnanda engu um gildi skuldajafnaðarins. Það séu viðurkennd sjónarmið í norrænum rétti, að við gjaldþrot viðskiptamanna sinna sé innlánsstofnunum heimill skuldajöfnuður við innstæður á almennum viðskiptareikningum

þeirra, svo fremi ráðstöfunarheimildir reikningseiganda sjálfs séu ekki háðar takmörkunum annaðhvort samkvæmt samningi hans við þriðja mann eða samkvæmt lagaboði. Innstæður á gjaldeyrisreikningum stefnanda voru ekki sérgreindar og engar skordur settar við ráðstöfunarheimildum þeirra og skuldajöfnuður því heimill. Þá hafi þeirri greiðslu, sem í skuldajöfnuðinum fólst, ekki verið rift með dómi og stefndi ekki einhliða fallið frá henni.

Stefndi telur ágreiningslaust, að enginn samningur hafi verið í gildi milli stefnanda og stefnda um tryggingu stefnda í innstæðum á reikningunum fyrir skuldum stefnanda við stefnda. Almenna reglan sé hins vegar sú, að skuldajöfnuður þarf hvorki að eiga sér stoð í samningi né lagaákvæði. Í 100. gr. gjaldþrotaskiptalaga sé að finna víðtækari heimild til skuldajafnaðar en almennt sé viðurkennd. Samkvæmt því sé skuldajöfnuður heimill kröfuhöfum þrotabús án tillits til þess, hvort þrotamaður og kröfuhafi hafi áður gert með sér samning, þar sem kveðið sé á um, hvernig sé farið heimild til skuldajafnaðar í viðskiptum þeirra.

Þá miðar stefndi við það, að ekki sé að finna neitt ákvæði í gjaldþrotaskiptalögum þess efnis, að lýsa þurfi yfir skuldajöfnuði innan kröfulýsingarfrests, eigi hann að teljast gildur gagnvart búinu, og vísar stefndi til 3. tl. 118. gr. laganna því til stuðnings.

Stefndi mótmælir dráttarvaxtakröfu stefnanda og bendir á, að stefnandi hafi ekkert aðhafst til að heimta kröfu sína í tvö ár, og beri því ekki að greiða dráttarvexti fyrir en frá þingfestingardegi, verði fallist á dómkröfur stefnanda.

Stefndi vísar til óskráðra reglna kröfuréttar um skuldajöfnuð og reisir kröfu um málskostnað á 130. gr. laga nr. 91/1991, og krafa um virðisaukaskatt á málskostnað er reist á l. nr. 50/1988.

Forsendur og niðurstaða.

Samkvæmt 100. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti getur hver sá, sem skuldar þrotabúi, dregið það frá, sem hann á hjá því, hvernig sem skuld og gagnkröfu er farið, með nánar tilgreindum skilyrðum. Ágreiningur aðila í máli þessu snýst um það, hvort stefnda hafi verið heimilt að skuldajafna kröfu sinni við innstæður stefnanda á umræddum gjaldeyrisreikningum. Óumdeilt er í málinu, að enginn samningur var í gildi milli aðila um tryggingu stefnda í innstæðum á gjaldeyrisreikningunum fyrir skuldum stefnanda við stefnda. Stefndi hefur með höndum bankastarfsemi í samræmi við ákvæði laga nr. 43/1993 um viðskiptabanka og sparisjóði og tók við fé stefnanda til varðveislu á gjaldeyrisreikningum. Innstæðan var eign stefnanda, og mátti hann ráðstafa henni að vild, og verður því ekki talið, að stefndi hafi skuldað stefnanda það fé, sem á reikningunum var. Þar sem skulda-

jöfnuður verður hvorki reistur á samningi aðila né ákvæðum laga nr. 43/1993, verður ekki talið, að mál þetta sé þannig vaxið, að túlka beri 100. gr. laga um gjaldþrotaskipti þannig, að réttur til skuldajafnaðar hafi orðið til við gjaldþrotið.

Samkvæmt framansögðu verður skuldajafnaðarkröfu stefnda hafnað, og verður hann dæmdur til að greiða stefnukröfuna með vöxtum, eins og greinir í dómsorði. Þá verður stefndi dæmdur til að greiða stefnanda 120.000 kr. í málskostnað að meðtöldum virðisaukaskatti.

D ó m s o r ð:

Stefndi, Íslandsbanki hf., greiði stefnanda, þrotabúi Íslensks bergvatns hf., 288.288 kr. ásamt dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga frá 11. júní 1994 til greiðsludags og 120.000 kr. í málskostnað.
